

Ed.

225. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Heimilt er að færa þessar aukavarðlínur til, enda þótt þær styttest eða lengist nokkuð við færsluna, ef nefndinni virðist það nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

2. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 7. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Nú hefir aukavarðlína verið sett samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og veikinnar ekki orðið vart innan hennar að minnsta kosti árlangt frá því girt var, og er þá framkvæmdanefnd mæðiveikivarnanna heimilt að ákveða, að varzlan meðfram varðlínunni og viðhald girðingar verði kostuð af ríkissjóði á sama hátt og varzlan meðfram aðalvarðlínunni, enda greiði þá sauðfjáreigendur innan þessarar varðlínu gjald það, er um ræðir í síðari málsgrein 18. gr. Viðkomandi sveitir skulu eftir sem áður standa straum af stofnkostnaði girðingarinnar.

3. gr.

Aftan við 3. málsgrein 9. gr. laganna bætist:

Skulu þá dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitar-sjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags, annars greiði það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

4. gr.

3. tölul. 19. gr. laganna skal orða svo:

Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkvæmt jarðræktarlögunum, ef ekki er um vélavinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og að fengnu samþykki mæðiveikinefndar í hverju einstöku tilfelli.

5. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón bænda af völdum mæðiveikinnar, og skal hún þá skipta því fé, er fjárlög ákveða, í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, enda sé jafnframt höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.

Nú virðist mæðiveikin vera í augljósri rénun hjá einstökum bændum, og er þá heimilt að styrkja þá til þess að koma sér upp fjárstofni og verja til þess fyrst og fremst því fé, sem þeim hefði annars borið samkvæmt 2. og 3. tölul. 19. gr.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um framkvæmdir þær, sem um ræðir í grein þessari.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.